

## Justin Trudeau og tölur hans um covid -19. Farótt hinna bólusettu

Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá nokkrum manni, að vörubílstjórar í Kanada hafi gert uppreisn gegn smitvarnaofbeldi kanadísku ríkisstjórnanna, bæði alríkisstjórnarinnar og fylkisstjórnanna. Forsætisráðherra eins þeirra, Saskatchewan, hefur nú ákveðið af aflétta öllum hömlum.

En alríkisforsætisráðherrann, stjórnunemandinn (ásamt Katrínu Jakobsdóttur) úr skóla Alþjóðæfnafræðisráðsins (World Economic Forum), Justin Pierre James Trudeau (f. 1971) situr enn við sinn keip. Keipurinn er svohljóðandi (16. sept 2021):

Kanadamenn, „andmælendur [covid ] bólusetninga, [eru] öfgamenn, sem trúá ekki á vísindin, sem oft og tíðum eru kvenhatarar, oft kynþáttahatarar. ... Eigum við umbera svona fólk.“

Það er ekki nema von, að Justin sé illa við vörubílstjórana sína, og vilji leggja í stríð við þá og veiruna eins og veiruvínurinn sunnan landamæra, Jósef Biden. En vísindi reynast mörgum fjötur um fót, líka Justin. Veiruvísindin, sem hann lepur úr skel Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) og lyfjafyrirtækjanna, er harla misjafn mjöður.

T.d. hefur hann líklega ekki lesið markaðsleyfisskýrslu Pfizer. Því þar stóð ekkert um, að bólusetning kæmi í veg fyrir smit. En Justin eins og Katrín og Þórólfur og Alma og Víðir, trúir því fullum fetum. Og óneitanlega flytur trú stundum fjöll.

Reyndar virðast talnaspekingar Justin hafa reynt að villa um fyrir okkur með tölum, svo forsætisráðherrann missi ekki niður um sig vísindabuxurnar. En rannsóknarblaðamennirnir bresku hjá „Exposé“ þekkja klækina og skoðuðu opinberar skýrslur í krók og kring.

Þeir segja m.a.: Skoðun á gögnum kanadísku ríkisstjórnarinnar hefur leitt í ljós, að níu af hverjum tíu covid-19 sýktum einstaklingum séu fullbólusettir og að í yfirstandandi bylgju séu sjö af hverjum tíu sjúklingum á sjúkrahúsi fullbólusettir og sama hlutfall eigi við um andlát víðs vegar um Kanada.

Þetta gerist þrátt fyrir það, að einungis sex af hverjum tíu íbúum Kanada séu fullbólusettir. Þetta gæti bent til þess, að covid-19 sprauturnar séu ekki bara gagnslausar heldur geri illt verra.

Justin vill vera láta, að kanadískur almúgi eigi við „faraldur hinna óbólusettu“ að etja. Á Íslandi lætur RÚV einnig að því liggja í daglegri þulu sinni um veiruheilsu þjóðarinnar

og endurómar opinbera skelfingarstefnu ríkisstjórnar og sóttvarnaryfirvalda. Katrín og Justin kynnu að hafa lært á sömu bók.

Höfundar segja: „En yfirbragð þessara gagna er sviksamlegt og leiðir fólk á villigötur með afdrifaríkum hætti. Þegar dýpra er skyggst kemur raunverulega í ljós, að Kanadamenn eigi við að stríða farsótt hinna bólusetta, sem versnar með viku hverri.“

Margir kannast við hlutfallsbrelluna í talnafræðunum, t.d. þegar aukning verður úr einum í tvo. Það er vitaskuld 100% aukning eða tvöföldun, en segir kléna sögu í sjálfu sér. (Brella m.a. notuð í markaðsleyfisskýrslu Pfizer.)

Kanadísk yfirvöld beitta öðru kunnuglegu blekkingarbragði, velja ónothæfan samanburðargrundvöll. Í umgetnininni skýrslu hefst talnarunan um miðjan desember 2020. Eins og kunnugt er kom veiran okkur þá í opna skjöldu og gerði strax í janúar á næsta ári usla meðal hinna veikburða (eins og einnig er títt um vondar flensur). Á þessum tíma var einungis 0.3% Kanadanna bólusettir. Því gefur auga leið, að slíkur samanburður á örlögum bólusettra og óbólusettra er út í hött.

Flestum, sem hafa hlýtt á bólusetningaróð stjórnvalda, kemur líklega á óvart, að full bólusetning virki ekki eða tiltölulega skamma hríð – jafnvel bara að hluta – og fullbólusett fólk smiti. Það er á þessum grundvelli nánast yfirskilvitlegt, að fólk versni, að fólk verði sjúkt eða jafnvel láti lífið við bólusetningu eins og dæmum fjölgar stöðugt um.

En rannsóknir standa yfir og sumar gætu gefið vísbendingar eins og sú, sem krækt er neðanmáls. Lykiluppgötvanir eru:

- 1) Bólusetning við covid-19 stuðlar að (confer) víðtækari tengingu ónæmisefna (ónæmisglóbúlín – IgG) við tilbrigði móttakahneppa (receptor-binding domain) heldur en verður við SARS-CoV-2 sýkingu. (Önnur þekkt covid öndunarferasýking, Severe acute respiratory syndrome.)
- 2) Hæning eða mörkun (imprinting) við upphaflega berskjöldun ónæmisvakans (antigen) breytir (mótefnis)svari (IgG) við veirutilbrigðum.
- 3) Vefjarannsóknir á bóluefniseitlahnútum (mRNA-hnútum) leiðir í ljós fjölda virkjaðra eitilbúa. (Germinal centers – framleiðsla og þroskun svokallaðra B-fruma, einnar tegundar hvíttra blóðkorna, sem er mikilvæg við mótefnaframleiðslu).
- 4) Broddónæmisvakinn og bóluefnið (mRNA) er þrálátt vikum saman í hinum virkjuðu eitilbúum eitlahnúta. [Jafnvel allt að sextíu dögum, eftir aðra sprautu.]

Niðurstaðan er þessi: „Andstætt við sundruð eitlabú í eitlahnútum, þegar sýking ríður yfir, örvar mRNA bólusetningin í nokkrum tilvikum öflug eitlabú, sem innihalda mRNA [erfðaefni] úr bóluefninu og broddónæmisvaka, allt að átta vikum, eftir bólusetningu.

...

„Frábrugðið því, sem gerist við [náttúrulega] sýkingu, sem hefur í för með sér öflugt, en skammlíft ónæmissvar (IgA og IgM), leiðir bólusetning til áberandi skekkju (bias) við myndum mótefna (IgG), þegar snemma í ferlinu... Að minnsta kosti einhver hluti broddmótefnisvakanna (spike antigen) í kjölfar bólusetningar með BNT162b2 [t.d. covid-19 bóluefni Pfizer] dreifist með blóðrásinni.“ Það veldur skemmdum m.a. á innþekju æðanna (vascular endothelium).

Þetta endurspeglar niðurstöður japanskra rannsókna á rottum – gögn birt samkvæmt upplýsingalögum – þess efnis, að (flutnings)örfitungarnir (lipid nano particles) og innihald bóluefnisins safnist upp í eggjastokkum, eistum, milta, við nýru og svo framvegis. (Þetta segja staðreyndasporhundarnir að sé orðum aukið.)

Ofangreindar niðurstöður gætu bent til þess, að líkamanum væri um megn að losa sig bæði við örfitungana (lipid nanoparticle), sem bera sýkingarefnið (broddfituna – spike protein) inn í frumurnar, og örfitungana sjálfa. En því var einmitt haldið á lofti af formælendum erfðabólusetningarinnar (mRNA-bólusetningar með efnum Moderna og Pfizer).

Því er hugsanlegt, að í einhverjum tilvikum sé um að ræða framleiðslu sýkingarbroddhvítu (spike protein) umfram það eina skipti, sem eðli málsins samkvæmt ætti að duga til myndunar ónæmis. Þannig gæti ónæmiskerfinu verið ofgert. Vonandi eru rannsóknir í deigluinni, sem varpa frekara ljósi á málið.

[https://www.cell.com/cell/fulltext/S0092-8674\(22\)00076-9?rss=yes#relatedArticles](https://www.cell.com/cell/fulltext/S0092-8674(22)00076-9?rss=yes#relatedArticles)

<https://health-infobase.canada.ca/src/data/covidLive/Epidemiological-summary-of-COVID-19-cases-in-Canada-Canada.ca.pdf>

<https://dailyexpose.uk/2022/02/06/canadas-pandemic-of-the-fully-vaccinated/?subscribe=success#subscribe-blog-1>